

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Vesturtún – Túnahverfi. Breytt deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 11. desember 2008 breytingu á deiliskipulagi Vesturtúns og breytingu á deiliskipulagi Túnahverfis á Álftanesi. Breytingin felst í því að reiðstígur er lagður austan við Suðurnesveg til samræmis við gildandi aðalskipulag. Breidd reiðstígs og fjarlægð frá vegi er í samræmi við leiðbeiningar Vega-gerðarinnar.

Skipulagsuppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 30. janúar 2009.

Bjarni S. Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2009